

Kynlíf, klám og kærleikur (KYNH2KH05) Námsáætlun (Haust, 2021)



Kennari	Kristjana Pálsdóttir og Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir	Sk.st.	KPÁ og VAL
----------------	--	---------------	------------

Áfangalýsing:

Áfanginn fjallar um kynheilbrigði í viðum skilningi en viðfangsefni áfangans eru allt frá því að fjalla um líkamsstarfsemi, frjósemi og kynþroska til mikilvægis samskipta og jákvæðrar sjálfsmýndar. Meðal annars er fjallað um væntingar einstaklinga til kynlífs, hvernig tilfinningar, sjálfsmýnd og samskipti geta haft áhrif á væntingar og mörk. Einnig er tekin fyrir umfjöllun um hinsegin fræðslu, líkamsvirðingu, ofbeldi, kynhegðun og hverjar hugmyndir samfélagsins um eðlilega kynhegðun séu. Þá verður sérstaklega fjallað um að setja mörk og hvernig má efla samskipti í kynlífi. Þá verða fjallað sérstaklega um forvarnir, getnaðarvarnir og annað slíkt.

Markmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- hugtökunum kynheilbrigði, kynferðisþroska, kynvitund, kynhneigð, kynlífi, klámi og klámvæðingu
- algengustu vandamálum sem upp geta komið í tengslum við kynlíf og frjósemi
- áhrifum sjálfsmýndar og tilfinninga á kynlífshegðun
- ólíkum sjónarhornum gagnvart kynlífi og kynheilbrigði
- því hvaðan við fáum upplýsingar um hvernig eigi að haga sér í kynlífi og kynferðislegum samskiptum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá skoðanir sínar
- þekkja eigin líkama og langanir
- þekkja eigið viðhorf til kynlífs
- geta fjallað um kynlíf og kynheilbrigði af virðingu og með skilningi
- nota viðeigandi samskipti sem einkennast af virðingu

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að :

- taka ígrundaðar ákvarðanir varðandi kynheilbrigði sitt
- spyrja spurninga og hlusta á sjónarmið annarra af víðsýni
- auka sjálfstæði sitt og trú á sjálfum sér
- láta skoðanir sínar í ljós
- vera meðvitaður um að kynferðisleg tjáning getur verið mismunandi

Námsgögn:

Gögn frá kennurum. Gert aðgengilegt á Moodle.

Kynlíf, klám og kærleikur (KYNH2KH05) Námsáætlun (Haust, 2021)



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspátta:

Tímabil (vikunúmer/lot unúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspátta
Vika 33 16. - 22. ágúst	Kynning á áfanga	Hugleiðingabók	Hugleiðingabók 2.1%
Vika 34 23. - 29. ágúst	Frjósemisheilbrigði	Hugleiðingabók Vinnubókarverkefni	Hugleiðingabók 2.1%
Vika 35 30. - 5. september	Frjósemisheilbrigði	Hugleiðingabók Vinnubókarverkefni	Hugleiðingabók 2.1%
Vika 36 6. - 12. september	Kynlífsheilbrigði	Hugleiðingabók Vinnubókarverkefni	Hugleiðingabók 2.1%
Vika 37 13. - 19. september	Viðhorf til kynlífs	Hugleiðingabók Vinnubókarverkefni	Hugleiðingabók 2.1%
Vika 38 20. - 26. september	Samskipti og kynlíf	Hugleiðingabók Vinnubókarverkefni	Hugleiðingabók 2.1%
Vika 39 27. - 3. október	Sjálfsmynd, líkamsmynd og kynlíf	Hugleiðingabók Vinnubókarverkefni	Hugleiðingabók 2.1%
Vika 40 4. - 10. október	Sjálfsmynd, líkamsmynd og kynlíf	Hugleiðingabók Vinnubókarverkefni	Hugleiðingabók 2.1%
Vika 41 11. - 17. október	Hinseginleikinn	Hugleiðingabók Vinnubókarverkefni Samvinnuverkefni	Samvinnuverkefni 20% Hugleiðingabók 2.1%
Vika 42 18. - 24. október	Kynferðisofbeldi	Hugleiðingabók Vinnubókarverkefni	Hugleiðingabók 2.1%
Vika 43 25. - 31. október	Kynferðisofbeldi	Hugleiðingabók Vinnubókarverkefni	Hugleiðingabók 2.1%
Vika 44 1. - 7. nóvember	Forvarnir	Hugleiðingabók Kynheilbrigðisverkefni	Hugleiðingabók 2.1%
Vika 45 8. - 14. nóvember	Forvarnir	Hugleiðingabók Kynheilbrigðisverkefni	Kynheilbrigðisverkefni 25% Hugleiðingabók 2.1%
Vika 46 15. - 21. nóvember	Kynlíf og klám	Hugleiðingabók	Hugleiðingabók 2.1%
Vika 47 22. - 28. nóvember	Kynlíf og klám	Hugleiðingabók	Hugleiðingabók 3.5%
Vika 48 29. - 5. desember	Samtekt og umræður		

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.: 27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 3 af 3

Kynlíf, klám og kærleikur (KYNH2KH05) Námsáætlun (Haust, 2021)



Námsmat og vægi námsmatspáttar:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi	
Hugleiðingabók	Vikulegar hugleiðingar um efni hvernar viku. Einni hugleiðingu skilað í hverri viku á Innu. Hver hugleiðing gildir 2.4% en síðasta gildir 6%.	35%	
Kynheilbrigðis- verkefni	Verkefni um kynheilbrigði, valið úr lista frá kennurum.	25%	
Samvinnuverkefni	Samvinnuverkefni með starfsbraut.	20%	
Virgni	Virgni í kennslustundum, umræðum og þátttöku í verkefnavinnu. Byggt á sjálfmati nemenda og mati kennara.	20%	
Samtals:			100%
<u>Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</u> Annað: Mikilvægt að er að nemendur séu víðsýnir, virði trúnað, séu traustsins verðir og muni að hafa kærleika að leiðarljósi. Best er að hafa snjallsímana ofan í tösku í þessum áfanga. Kennarar munu geyma símana fyrir þá nemendur sem það vilja.			

NÁMSÁÆTLUNIN ER BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR og VEGNA HEIMSFARALDURS COVID 19 GETUR KENNSLA OG KENNSLUHÆTTIR BREYST FRÁ ÞVÍ SEM HÉR SEGIR.

Dagsetning: 16. ágúst 2021

Undirritun kennara

Forsteinn Krüger 16/8 '21
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils